

## Minnispunktar og athugasemdir við skýrslu Aðalsteins Sigfússonar á starfsemi Byrgisins í Rockville.

- 1.1. Í úrdrætti á bls. 2 er þess getið að Byrgið hafi ekki staðið við þann hluta samningsins sem lýtur að váttryggingum og er það skilmerkilega útskýrt að ástæða þess sé sú að Byrginu skorti aðstoð frá ríkinu til að svo megi verða. Tillaga matmanns er að að ríkisvaldið veiti til þess fármagni sérstaklega, svo uppfylla megi ákvæði þetta.
- 1.2. Á bls. 3 er þess getið að nýr samningur hafi verið gerður við Byrgið og gildi hann til 22. desember 2002, en þá sé gert ráð fyrir að bandarísk yfirvöld skili svæðinu til íslenska ríkisins, einnig er vitnað til samnings þessa á bls. 5, engu að síður hefur Byrgið aldrei séð samning þennan hvað þá undirritað. Litlu neðar er síðan sagt að ljóst sé að svæðið muni heyrja undir Sandgerðisbæ þegar varnarliðið skili svæðinu með þeim sköttum og skyldum fyrir Byrgið og bæjarfélagið sem slíku fylgir. Síðan segir orðrétt: "Samkvæmt skilgreiningu á starfsemi Byrgisins sem meðferðarheimili fyrir áfengis og líkniefnancytendur, sbr. bréf utanríkisráðuneytisins til byggingafulltrúa flugstöðvarsvæðis dags. 1. nóvember 2000 geta notendur þjónustunnar ekki skráð lögheimili sitt á staðnum. Þeir munu því ekki, ef til kemur, eiga rétt á félagslegri þjónustu frá Sandgerðisbæ í lok samningstímabilsins, komi til áframhaldandi starfsemi Byrgisins á þessum stað". Það hlýtur því að vera nauðsynlegt að gengið sé frá því hverjar þær skyldur eru því á bls. 29 er haft eftir sveitarstjóra Sandgerðis að sveitarfélagið hafi hafnað allri þjónustu við Byrgið vegna þess að Byrgið nýti engra réttinda hjá sveitarfélaginu t.d. með tilliti til brunavarna, sorphirðu eða félagsþjónustu. Einnig þykir sveitarstjórnarmönnum "einsýnt að kostnaður sveitarfélagsins muni aukast verði Byrgið áfram á Rockville svæðinu, þrátt fyrir að vistmenn muni ekki eiga lögheimili sitt þar". Það hlýtur því að vakna sú spurning fyrir hvern er Byrgið að endurbyggja? Hvernig hafa íslensk stjórnvöld hugsað sér að fara með þau verðmæti sem Byrgið hefur skapað við uppbygginguna og borið allan kostnað af? Eiga þau að afhenda Sandgerðisbæ endurgjaldslaust og Byrgið að standa uppi réttindalaust og eignalaust?
- 1.3. Ítrekað er þess getið að Byrgið hafi ekki skilað teikningum til yfirvalda svo hægt væri að fjalla um þær til samþykktar af viðkomandi nefndum. Það skal vísað til upphafssamnings Byrgisins við utanríkismálaráðuneytið frá 22. mars 1999, þar sem hvergi er getið um að teikna þurfi upp öll hús á svæðinu sem Byrgið hugsanlega hygðist notka fyrir starfsemi sína. Einnig er vísað til þess að skipulags-byggingar- og umhverfisnefnd "varnarsvæða" hafi 27. ágúst 1999 fjallað um fyrirætlanir Byrgisins að "breyta hluta bygginga í Rockville í meðferðarheimili" og til þess þyrfti samþykktar teikningar? Það er vert að taka það fram að Byrgið hefur aldrei bugsað sér að breyta húsum í Rockville. Bandarískar teikningar eru til af svæðinu öllu og hafa væntanlega verið notaðar á varnarsvæðinu

UTN01020229	
08 SEP. 2003	
Brl. 76.E.016	Ábm.

hingað til. Okkur er ekki kunnugt um að varnarliðið hafi lagt fram íslenskar teikningar af svæðinu. Um samning Byrgisins við utanríkisráðuneytið segir í fréttatilkynningu frá ráðuneytinu dags. 22. mars 1999, að samningur sé gerður til tveggja ára og heimili Byrginu endurgjaldslaus not af mannvirkjum "varnarliðsins" á svæðinu til að reka þar meðferðarheimili. Ekki er getið neinna kvaða um að teikna þurfi öll mannvirki upp að nýju og leggja fyrir bygginganefnd og /eða aðrar nefndir. Rétt er að geta þess að Byrgið hefur ekki staðið í stórselldum burðarþols breytingum eins og Haraldur Valbergsson á teiknistofu Arkar er að lýsa áhyggjum sínum af, enda veit hann betur þar sem hann hefur skoðað húsin ítrekað.

- 1.4. Á bls. 4 segir í úttektarskýrslu að ljóst sé að Byrgið hafi hafið starfsemi sína haustið 1999 "eftir nokkuð viðtækar endurbætur á nokkrum byggingum svæðisins". Þetta er ekki rétt því að um haustið 1999 kom um 20 manna vinnuhópur sem vann til vors að endurbótum og engin starfsemi önnur fór þar fram á þeim tíma.
- 1.5. Þess er getið á sömu blaðsíðu að teikningar Arkar samkvæmt samningi hafi verið frágengnar og dágsettar á tímabilið 17.4.2000 til 30.5.2000. Þetta er ekki rétt enda staðfestir Haraldur það sjálfur litlu neðar þar sem hann segir að Byrgið hafi greitt allar greiðslur til sín og "því sé ekkert til fyrirstöðu að afhenda teikningarnar af fimmta skálanum og áætluðu þvottahúsi og hefjast handa við endanlegan frágang teikninga af mótuneyti og skrifstofum". Að lokum getur hann þess sérstaklega að "Byrgið hafi ekki farið fram á það að sú vinna hæfist"? Hún átti að vera hún samkvæmt framansögðu.
- 1.6. Á bls. 5 er enn fjallað um teikningar og kröfur á Byrgið varðandi þær og þá vitnað til svars frá ráðuneytinu þar sem segir "þ.m.t. að leggja fram teikningar vegna breytinga". Hér er ekki annað að sjá en um einhliða ákvörðun sé að ræða af hálfu ráðuneytisins án nokkurs samráðs við Byrgið og hún fram komin eftir að samningur var gerður 22. mars 1999 og Byrgið því ekki bundið af slíkri einhliða ákvörðun. Síðan er sagt í skýrslunni, "Af þessu má ráða að skilningur ráðuneytisins væri sá að um stofnun væri að ræða skv. 2. grein samnings frá 22. mars 1999". Þar er hvergi vikið að því að um stofnun sé að ræða og sökum þess skuli teikna allt Rockville svæðið upp að nýju.
- 1.7. Einnig er á bls. 5 sagt að öll önnur starfsemi Byrgisins í Rockville sé háð samþykki ráðuneytisins. En rétt er að Byrgið þarf leyfi ráðuneytis til að semja við þriðja aðila um starfsemi í Rockville.
- 1.8. Á bls. 6 þar sem fjallað er um hitaveitu hefur fallið niður að hitaveita er einnig komin í íþróttahúsið.
- 1.9. Á bls. 7, liður 2.1.2. hefur slæðst inn sú villa að úttekt hafi ekki farið fram á rafmagn. Það er ekki rétt úttekt hefur farið fram á 7 skálum, mótuneyti, eldhúsi, skrifstofubyggingu og hluta íþróttahúss. Vert er að geta þess varðandi íþróttahús sjá bls. 8, liður 2.1.6. að eingöngu er eftir að

ganga frá gufubaði og gólfefnum í forskála og hluta rafmagns. Annað sem upptalið er hefur þegar verið lokið við. Í lið 2.1.7. um kostnað á endurbótum á íþróttahúsi (hliðarhúsi) er að okkar mati um ofáætlun að ræða.

- 1.10. Á bls. 10 segir að gert sé ráð fyrir að tveir íbúðaskálar með alls 20 herbergjum verði opnaðir á næstunni. Hið rétta er að þeir hafa verið opnaðir.
- 1.11. Af starfslýsingu úttektarmanns á starfi Guðmundar Jónssonar forstöðumanns, er erfitt að imynda sér hvernig á að vera hægt að komast hjá setu hans í stjórn.
- 1.12. Þess er réttilega getið að vinnuálag skrifstofustjóra Byrgisins er óheyrilegt en þess ber að geta að Byrgið hefur ekki haft mikla möguleika á að ráða til sín starfsmenn á fullum launum með það litla fjármagn sem úr hefur verið að spila. Samkvæmt áætlun úttektarmanns gerir hann ráð fyrir launakostnaðurinn við rekstur Byrgisins nemi öllum fjárlögum til Byrgisins á árinu. Eins og skýrslan ber augljóslega með sér hefur fjármagni fyrst og fremst verið varið til að halda rekstri Byrgisins gangandi. Skuldir Byrgisins eru fyrst og fremst til komnar vegna griðarlegs kostnaðar af uppbyggingu á svæðinu og fækkun vistmanna á meðan á framkvæmdum stóð, enda leið heilt ár frá því samningur var gerður áður en eðlileg starfsemin fór af stað í Rockville.
- 1.13. Á bls. 15 lið 3.2.11. um fjölda meðferða í Byrginu er rangt farið með tölur. Þar sem getið er um að tveir einstaklingar hafi komið 16 sinnum eða oftar. Þarna er verið að rugla saman tölum um starfsemi Byrgisins frá upphafi en ekki einvörðungu í Rockville. Einnig viljum við benda á að það er markmið Byrgisins að ná fólki endanlega frá óreglu en ekki vista það á hæli. Byrgið er ekki hæli. Hins vegar er það rétt að Byrgið hefur axlað þá ábyrgð að veita fólki húsnæði samtímis meðferð enda um langtímameðferð að ræða oft á tíðum. Það er ekki okkar hlutverk að útvega fólki húsnæði eins og sveitarfélögum er skylt, hins vegar er engum sem á götunni býr vísað frá leiti hann til okkar.
- 1.14. Við getum skrifað upp á það að bókhald Byrgisins er ekki fullnægjandi en að dæma fjármálastjórn Byrgisins af því í molum getum við ekki kvittað undir. Að fella þann dóm eftir að hafa lítillaga litið á gögn þar að lútandi er hvorki réttmætt né sanngjarnt. Skýrslan segir allt sem segja þarf, en við forgangsröðum verkefnum. Fólkið sem hjá okkur dvelur hefur algjöran forgang enda er líf ómetanlegt til fjár og við trúum því að Byrgið muni greiða allar sínar skuldir að lokum.